

# Grænt bókhald vegna ársins 2006

*Fyrirtæki:* Skeggey ehf.

26. september 2007  
Dagsetning

Björk E. Traust

# Grænt bókhald fyrir árið: 2006

## 1. Almennt um starfsemina

	Texti
1.1. Nafn fyrirtækis og kennitala	Skeggy ehf., 681195-2389
1.2. Heimilis- og pósthfang höfuðstöðva	Miðós 17, 780 Höfn
1.3. Heimilis- og pósthfang annarra starfsstöðva	Síldarvinnslan, skrifstofa, Miðós 17 780 Hornafjörður
1.4. GPS hnit allra starfsstöðva	
1.5. Nafn forstjóra/abyrgðaraðila	Gunnþór Ingvason
1.6. Nöfn stöðvarstjóra eða tengiliða	Þjörn Emil Traustason
1.7. Nöfn aðila í stjórn fyrirtækisins	Aðalsteinn Ingólfsson 020369-5589, Hrísbraut 12, 780 Höfn Óskar Ávarsson 111258-4739 Tungötu 16, 240 Grindavík
1.8. Fyrirtækjaflokkur	Fiskmóls- og lýsisvinnsla
1.9. Er starfsemin með gilt starfsleyfi?	(Já) nýtt starfsleyfi er í ferli hjá UST
1.10. Gildistími starfsleyfisins, frá og til	4. mars 2002 til 1. febrúar 2006 ( nýtt starfsleyfi er í ferli hjá UST)
1.11. Nafn útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila	Umhverfisstofnun útgefandi, HAUST eftirlitsaðili
1.12. Tímabil græns bókhalds	Bókhaldsárið 2007
1.13. Greinargerð fyrirtækis (vísar má í viðhengi)	Sjá viðhengi
1.14. Yfirlýsing stjórnar	Sjá viðhengi
1.15. Undirskrift endurskoðanda	sjá viðhengi

## 2. Hráefnis og auðlindanotkun

	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Magn	Eining
2.1. Fjöldi starfsmanna (valfrjálst)	Fastir 6, á vertíð 9-12			
2.2. Fjöldi starfssvæða/starfsstöðva (valfrjálst)	Ein, fiskmjölsverksmiðja			
2.3. Stærð starfssvæða (valfrjálst)			1.433.536	kWst
2.4. Raforkunotkun				

Almennt

2.5. Olfunotkun, svartolía		817.566	lítrar
2.6. Gasnotkun		70	kg
2.7. Notkun jarðhitavats og jarðgufu	Engin		
2.8. Notkun á köldu vatni		8.500	tonn
2.9. Notkun á sjó	Aætlað	400.000	tonn
2.10. Heildarhræfnisnotkun		17.000	tonn
2.11. Notkun á innfluttu hráefni	Engin		
2.12. Notkun eiturefna & hættulegra efna	Ediksýra	17	tonn
	Kemquin Þráavarnarefni	560	lítrar
	BHT þráavarnarefni		
	Formalín	200	lítrar
	Sápuefni	6	tonn
2.13. Notkun umbúða og pökkunarefnis	Margnota þokar, þvegnir á Seyðisfirði 1 þoki/1,5 tonn mjöl		
2.14. Fjöldi farartækja og vinnuvéla		3	
2.15. Önnur hráefnis eða orkunotkun	Engin		

### 3. Áhrifabættir og losun

Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Efnishætti eða lýsing	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining per tonn
3.1. Losun efna í andrúmsloft	Koltvísýringur, CO <sub>2</sub>	2.266	tonn	133,3 kg
	Brennisteinsdíoxíð SO <sub>2</sub>	28	tonn	1,65 kg
3.2. Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó	Engin losun			
3.3. Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags	Ekki mælt			
3.4. Magn úrgangs til förgunar	Óflokkaður	35	tonn	
3.5. Magn úrgangs til endurvinnslu	Brotajám og fleira	10	tonn	
3.6. Magn spilliefna til förgunar	Úrgangsolía og glussi	300	kg	
3.7. Magn mengandi efna í framleiðsluvörum	Engin			

Helstu áhrifabættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur (fyrsta notkunarár)	Ástand
3.8. Fráveitukerfi eða skólprór (þar sem við á)	Fráveitukerfi, sjá viðauka um mælingar		
3.9. Hreinsun fastefna úr fráveitu (þar sem við á)	Tvær fitugildrur, frá Héðni smíðu	Um 1974/2000	gott
3.10. Fítuskiljur (þar sem við á)	Engar		
3.11. Olíuskiljur (þar sem við á)	Úr plasti	2000	gott
3.12. Rotþræt (þar sem við á)	Engin		
3.13. Olíu/bensínafgreiðslubúnaður (þar sem við á)	Enginn		
3.14. Olíugeymar (þar sem við á)	Olíugeymar ekki í eigu Skeggeyjara		
3.15. Varaafstöð (þar sem við á)	Öll raforka aðkeypt		
3.16. Kælikerfi - slökkvikerfi (þar sem við á)	Í þurrkarabúnaði verksmíðu	1999	gott
3.17. Loftþreinsibúnaður (þar sem við á)	Fjórir gufuburrkarar, Jesma pokasíur	1999	gott
3.18. Lyktareyðingarabúnaður (þar sem við á)	Fjórir gufuburrkarar, Jesma pokasíur	1999	gott
3.19. Varnir gegn hávaða (þar sem við á)	Hljóðeinangruð stjórnstöð og neyslurými	1999	gott
3.20. Annar búnaður er snertir mengunarvarnir	Notaðir eru margnota pokar, þvegnir á Seyðisfirði		

#### 4. Umhverfismál (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi?

Svar:

Nei

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?

Svar:

Já, sjá í viðauka með skýrslu þessari um grænt bókhald.

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?

Svar:

Já, sjá í viðauka með skýrslu þessari um grænt bókhald.

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráfnisnotkun?

Almennt

Svar:

Já, sjá í viðauka með skýrslu þessari um grænt bókhald.

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?

Svar:

Nei, ekki skrifleg, en unnið er að því að draga eins og unnt er úr myndun hans.

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurmatkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?

Svar:

Já

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?

Svar:

Já, að mestu leyti.

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fánlegu tækni fyrir starfseminna?

Svar:

Vissir starfsmenn hafa gert það.

4.9. Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu? (mæliniðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru valfrjál)

Svar:

Sjá viðauka í umfjöllun um frárennsli.

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stóðvarinnar?

Svar:

Nei

4.11. Hafa orðið mengunaráhöpp hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar:

Nei

4.12. Er til viðbragðsáætlun vegna mengunaráhoppa hjá fyrirtækinu?

Svar:

Já

4.13. Hefur fyrirtækið tekið þátt í öðrum umhverfisverkefnum sem ástæða þykir til að nefna?

Svar:

Nei

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar:

Nei

## 5. Önnur atriði (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

5.1. Aðkoma starfsmanna að vinnunni við grænt bókhald

Björn Emil Traustason heldur saman upplýsingum sem eiga að fara í skýrslu um grænt bókhald. Ráðgjafi, Hönnun hf., sér um færslu græna bókhalds.

5.2. Vinnuumhverfi og öryggismál starfsmanna

Fylgt er reglum Vinnueftirlits Ríkisins í þessum efnum.

5.3. Er notast við hreina framleiðslutækni eða bestu fánlegu tækni í starfseminni

Eins og kostur er.

5.4. Notkun skaðlausra og umhverfisvænna stofna í framleiðsluvörum

Engin.

5.5. Niðurstöður viferisgreininga á framleiðsluvörum

Ekki verið gerðar.

5.6. Fjárhagslegir þættir svo sem sparnaður og fjárfestingar

Unnið er markvisst að því að minnka gufunotkun, bæði með endurnýtingu hennar og einangrun tækja.

5.7. Ahættumat

Hefur verið gert skriflegt

5.8. Jarðvegmengun frá því áður en núverandi rekstraraðili tók við starfseminni

Ekki er vitað um neina jarðvegmengun af völdum starfseminnar.

5.9. Kvartanir yfir lykt og hávaða frá starfseminni

Engar formlegar kvartanir bárust á rekstrarárinu svo vitað sé.

5.10. Næringarefnaofaugun og sùrefnispurrð vegna fráveitu frá starfseminni

Mælingar þar að lútandi liggja ekki fyrir.

5.11. Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika tegunda sem umhverfiráhrif frá starfseminni

Engin slík minnkun er þekkt.



## Nafn fyrirtækis og kennitala

## Grænt bókhald 2006

Skeggy ehf.

## 6. Sértek skráning fyrir fiskmjölisiðnað

	Skýring	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining
6.1. Tegund verksmiðju	Fiskmjöls-og lýsisframleiðsla	206		
6.2. Framleiðslumagn	Fiskmjöl	3.209		tonn
	Lýsi	2.868		tonn
6.3. Móttekið fiskmeti		7.800		tonn
6.4. Móttekinn fiskúrgangur		9.200		tonn
6.5. Sundurliðun á efni og aðföngum	Sjá undir liðnum almennt			
6.6. Sundurliðun á notkun hættulegra efna	Sjá undir liðnum almenn			
6.7. Sundurliðun á losun mengandi efna	Sjá undir liðnum almennt			
6.8. Sundurliðun á meðhöndlun úrgangs	Sjá undir liðnum almenn			
6.9. Sundurliðun á notkun lyfja	Engin lyf notuð við framleiðslu.			
6.10. Tegund viðtaka eftir starfsstöðvum	Sorpeyðingarstofa ASK			

## Yfirlýsing stjórnar Skeggeyjar ehf. varðandi grænt bókhald fyrir árið 2006.


Hjálögð er skýrsla Skeggeyjar ehf. á Hornafirði um grænt bókhald fyrir starfsárið 2006 ásamt viðauka með skýrslunni. Í skýrslunni eru gefnar upp tölur og upplýsingar er varða umhverfismál starfsleyfisskyldra þátta Skeggeyjar, sem eru framleiðsla fiskimjöls og lýsis úr allt að 1.100 tonnum af hráefni (fiski og fiskúrgangi) á sólarhring. Fiskimjölsframleiðsla Skeggeyjar jókst nokkuð á milli áráanna 2005 og 2006. Árið 2006 voru framleidd 3.290 t af fiskimjöli en rúmlega 2.900 t árið 2005.

Skeggey ehf. hefur markað sér ákveðna umhverfisstefnu og fylgir hún með skýrslunni um grænt bókhald.

Unnið er að því að minnka olíunotkun en liður í því hefur verið að einangra tækjabúnað verksmiðjunnar. Olíunotkun á hvert hráefnistonn var nokkru minni árið 2006 en árið á undan, eða 48,09 lítrar/tonn hráefnis árið 2006 en 51,8 lítrar/tonn hráefnis árið 2005. Rafmagnsnotkun á hvert hráefnistonn var heldur meiri árið 2006 en árið á undan eða 84,33 kWst árið 2006 en 62,67 kWst árið 2005.

Á bókhaldsárinu urðu ekki neinar stórvægilegar breytingar á tækjabúnaði verksmiðju Skeggeyjar ehf., né eru talin hafa orðið frávík á sviði umhverfismála í rekstri verksmiðjunnar.

Ábyrgð stjórnar Skeggeyjar ehf. á þeim tölum og upplýsingum sem eru í skýrslu þessari um grænt bókhald er staðfest með undirskrift Björns Emils Traustasonar fyrir hönd stjórnaraðila fyrirtækisins, Aðalsteins Ingólfssonar kt. 020369-5589 og Óskars Ævarsson kt. 111258-4739.



F.h. stjórnar Björn Emil Traustason

Kt. 110356-4479

## Viðauki með skýrslu um grænt bókhald Skeggeyjar fyrir 2006

Upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald Skeggeyjar eru settar fram tölulega og í texta. Haft var að markmiði að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða sem og aðgengilega almenningi.

Jóhanna Björk Weisshappel, sjávarlíffræðingur, M.Sc., hjá VGK-Hönnun hf. sá um gerð skýrslu þessarar um grænt bókhald. Haukur Einarsson, umhverfisverkfræðingur, M.Sc., hjá VGK-Hönnun hf. sá um rýni skýrslunnar. Stöðvarstjóri, Björn Emil Traustason, safnaði saman lykiltölum og ýmsum öðrum upplýsingum í skýrslunni.

### Helstu umhverfisþættir

Helstu þættir í starfsemi Skeggeyjar ehf. sem geta haft áhrif á umhverfið eru lykt (fer að mestu eftir ferskleika hráefnis), brunagös, s.s. brennisteinstvíoxíð ( $\text{SO}_2$ ) úr reykháfum vegna brennslu svartolíu, magn fitu, svifefna, lífrænna efna (COD) og sýrustig í frárennsli sem leitt er í sjó.

Í skýrslunni er fjallað um helstu mengunarefni sem berast út í andrúmsloftið frá verksmiðjunni, eða koltvíoxíð ( $\text{CO}_2$ ) og  $\text{SO}_2$ . Á þessu stigi er ekki mögulegt að áætla magn PAH efna (fjölhringa arómatísk kolvetnissambönd) en gera má ráð fyrir að hluti þeirra eyðist í brunahólfum gufukatla við það háa hitastig sem þar er.

Til einföldunar er gert ráð fyrir fullkomnum bruna olíunnar, þannig að allt kolefni skili sér sem  $\text{CO}_2$  og allur brennisteinn sem  $\text{SO}_2$ . Magn efnasambandanna er reiknað út frá þeim forsendum að 3,08 tonn af  $\text{CO}_2$  myndist við bruna hvers tons af svartolíu og að hlutfall brennisteins í svartolíu sé 1,9%, mælt sem S, sem gerir hlutfall  $\text{SO}_2$  3,8%.

Áður en frárennslisvatn fer til sjávar er það leitt í fitugildru sem fjarlægir megnið af fitu og föstum efnum úr vatninu. Fitugildirur eru tæmdar eins oft og þörf krefur og farið með innihaldið á urðunarstað sveitarfélagsins. Í skýrslunni er gefið upp magn brotajárns, sem var endurnýtt hjá Hringrás, og magn óflokkanlegs úrgangs sem urðaður var á urðunarstað sveitarfélagsins. Olíuúrgangi (telst til spilliefna) er ávallt skilað til seljanda, Olíudreifingar ehf. Í umfjöllun um eiturefni og hættuleg efni eru gefnar upp magntölur yfir þrávarnarefni, sápur og hreinsiefni sem notuð eru.

Í starfsleyfi Skeggeyjar er krafa um að dregið sé skipulega úr úrgangi og honum komið til endurnýtingar eða förgunar. Einnig á að skrá magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðva. Unnið er að því að bæta þau mál.

### Mælingar umhverfisþátta

Mat á framlagi Skeggeyjar til loftmengunar á nærliggjandi svæðum hefur ekki farið fram en gert er ráð fyrir að það verði gert innan starfsleyfistíma eins og krafa er um í starfsleyfinu. Unnið er að því að minnka olíunotkun sem er liður í því að minnka brunagös og þar með lofmengun frá verksmiðjunni.

Við brennslu olíu myndast ýmis brunagös, s.s.  $\text{SO}_2$ ,  $\text{CO}_2$  og PAH efni sem fara til andrúmslofts um strompa. Magn  $\text{SO}_2$  og  $\text{CO}_2$ , sem myndaðist við bruna olíu árið 2006, er áætlað í skýrslunni. Á þessu stigi er ekki mögulegt að áætla magn PAH efna eins og áður sagði.

Samkvæmt starfsleyfi Skeggeyjar átti að kanna heildarlosun mengunarefna, magn fitu og COD í frárennsli og magn frárennslisvatns frá starfsleyfisskyldum þáttum árið 2004. Sýnataka og mælingar, sem fram fóru í samvinnu við Umhverfisstofnun, misfórust og verða endurteknar í nóvember 2007.

### **Ferskleiki hráefnis og lykt**


Óhjákvæmilega fylgir verksmiðjum á borð við fiskimjölsverksmiðjur lykt sem mörgum finnst óþægileg. Reynt er að lágmarka lyktina eins og kostur er. Í verksmiðjunni er notaður sá hreinsibúnaður sem krafist er af heilbrigðisyfirvöldum. Afsog er frá öllum tækjum í vinnslu sem skipta máli varðandi lykt og er loftið frá þeim nýtt í glatvarmataeki. Þaðan fer loftið í lyktareyðingu í þvotta- og þéttiturn og síðan í brennslu í kötlum. Einnig er passað upp á að hráefni í framleiðsluna sé sem ferskast. Ediksýra var notuð til að viðhalda ferskleika hráefnis og þráavörn til að fyrirbyggja þránun fiskimjöls.

Reglulegar mælingar í hráefni fóru fram á eftirfarandi þáttum árið 2006:

- TVN-gildi og hitastig fisks í vinnslu (mælt a.m.k. tvisvar á dag í vinnslunni og þegar skipt var um hráefnisgeymslu eða fiskfarm).
- Hitastig landaðs fisks var mælt við og við.

### **Annað**

Magn sjávar sem uppgefið er í skýrslunni er áætlað út frá aflþörf sjódælna, ásamt dæluferlum viðkomandi dælna og mótþrýstingi.



F.h. stjórnar Björn Emil Traustason

Kt. 110356-4479



## Umhverfisstefna.

### Skeggey ehf

- Áhersla verði lögð á verndun náttúru og dýralífs.
- Fylgt sé viðeigandi lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál og öðrum kröfum sem samþykkt hefur verið að uppfylla.
- Umhverfisstefna verði skoðuð reglulega.
- Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar verði sýnileg hagsmunaaðilum og Almennungi, og verði öðrum hvatning til þess að leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið fyrir komandi kynslóðir.
- Vinna í náinni samvinnu við viðskiptavini og þjónustuaðila.
- Mengunarvarnir á hverjum tíma taki mið af líklegum framtíðarkröfum á þessu sviði.
- Viðhafa bestu fáanlegu mengunarvarnir við endurnýjun og viðhald búnaðar í námunda við náttúruperlur.
- Vinna að því að skapa valkosti í eldsneytismálum.
- Vinna markvisst að því með fræðslu og þjálfun starfsmanna að koma í veg fyrir óhöpp og mengunarslys af völdum starfseminnar.
- Halda skrár um mengunaráhöpp svo og öll atvik sem hefðu getað valdið mengun og nýta þær upplýsingar til markvissra forvarna.
- Upplýsa yfirvöld um mengunaráhöpp og hvernig brugðist er við þeim. Vinna hratt og markvisst með yfirvöldum ef um yfirvofandi mengunarhættu er að ræða.
- Bæta nýtingu á framleiðslupáttum.
- Minnka notkun umbúða og pappírs.
- HAUST.....(Online)
- Lög um náttúruvernd.....(Online)
- Lög um meðhöndlun úrgangs.....(Online)
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda...(Online)
- Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó.....(Online)
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.....(Online)
- Lög um eitrefni og hættuleg efni.....(Online)
- UST.....(online)
- Umhverfisráðuneytið.....(Online)

# S

## STEFNUSKJAL Umhverfisstefna Skeggey ehf

Útg: 1.0  
Útg.dags: 06.11.96  
Bls 2 af 2  
Höf: BET  
Skrá:

### Markmið og leiðir.


- Unnið verður markvisst að því að halda nánasta umhverfi hreinu og snyrtilegu.
- Unnið verður markvisst að því að viðhalda góðu ástandi mannvirkja.
- Nýbyggingar falli vel að umhverfinu og séu staðsettar á stöðum sem stinga ekki í stúf við heildarásýnd staðarins.
- Við gerð allra mannvirkja þarf að hafa í huga að áhrif þeirra verði jákvæð fyrir náttúrulegt og menningarlegt umhverfi staðarins.
- Standa rétt að meðhöndlun og förgun eitur- og spilliefna.
- Í samstarfi við sveitarfélagið þarf að skipuleggja flokkun sorps og endurvinnslu.
- Minnka pappírnotkun með áherslu á endurnýtingu og tölvutækni.
- Draga úr orkunotkun með því að hafa ekki kveikt á rafmagnstækjum eða ljósum þegar það er ekki nauðsynlegt, einangra öll tæki og leiðslur.
- Tryggja að notkun á heitu og köldu vatni sé sem hagkvæmest.

## Staðfesting endurskoðanda

Endurskoðandi græns bókhalds Skeggeyjar ehf., Bókhaldstofan ehf. kt. 551080-0219, Krosseyjarvegi 17, 780 Höfn, , hefur farið yfir skýrslu þessa um grænt bókhald fyrir árið 2006 og staðfest að upplýsingar og tölur sem lýsa meginstarfsemi fyrirtækisins séu réttar sem og magntölur er varða helstu þætti sem áhrif geta haft á umhverfi verksmiðjunnar.

Einnig fól endurskoðunin í sér athugun á því að áherslur og umfjöllun um umhverfisþætti í skýrslunni sé í samræmi við kröfur í starfsleyfum verksmiðju Skeggeyjar og að uppsetning skýrslunnar sé í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun um færslu græns bókhalds og framsetningu þess. Undirskriftin hér fyrir neðan er staðfesting á endurskoðuninni.

Höfn, 26. september 2007



Bókhaldstofan ehf.

kt. 551080-0219,

Hermann Hansson,